

Skýrsla stjórnar Ský fyrir starfsárið 2013-2014 Flutt á aðalfundi félagsins 27. febrúar 2014 - 45. starfsári að ljúka

Nýliðið starfsár hefur verið afar viðburðaríkt og gróskumikið. Helstu markmið stjórnar Ský á nýliðnu ári voru sem fyrr að halda úti öflugri og faglegri starfsemi á sviði upplýsingatækni, m.a. með ráðstefnuhaldi og fræðslustarfsemi, ásamt því að skila hagnaði af rekstri félagsins.

Þessi markmið náðust auk þess sem efla tókst faglegt starf félagsins á einstökum fagsviðum. Það er því alveg ljóst að félagið er áfram í sókn, ráðstefnur eru vel sóttar, gæði atburða eru góð og rekstrargrundvöllur félagsins er góður og stöðugur.

Fjöldi félagsmanna hefur aukist verulega á árinu og eru félagar nú **871** talsinsog hefur aukist um **103** á árinu. Þessi fjölgun er ánægjuleg og sýnir að fólk hefur áhuga á þeirri starfsemi sem Ský hefur uppá að bjóða. Einnig virðist skila sér að hjá langflestum borgar árgjaldið sig upp í formi afsláttar á viðburði með því að mæta á ca. 2 viðburði á ári. Í heild eru rúmlega **4 þúsund** manns á póstlista félagsins og hefur fjölgað verulega á honum síðustu mánuði í takt við aukna aðsókn á viðburði Ský.

Í stjórn Ský sátu árið 2013- 2014:

Sigrún Gunnarsdóttir, formaður
Ragnheiður M. Magnúsdóttir, varaformaður
Guðjón Karl Arnarson, gjaldkeri
Sigurður Friðrik Pétursson, meðstjórnandi
Hjörtur Grétarsson, meðstjórnandi
Guðmundur Arnar Þórðarsson, meðstjórnandi
Þorvarður Kári Ólafsson, varamaður
Ólafur Tr. Þorsteinsson, ritari og varamaður

Stjórnin hélt 7 bókaða stjórnarfundum auk nokkurra vinnufunda bæði innan stjórnar, með nefndum félagsins og tengdum aðilum af ýmsu tilefni.

Ráðstefnur og fundir

Félagið stóð fyrir 28 atburðum á árinu 2013, sem er örlítið færri viðburðir en á fyrra ári en þá voru þeir 30. Viðburðirnir í ár hafa flestir verið fjölmennari en í fyrra. Faghópar voru virkir við ráðstefnu- og fundahöld. Yfirlit yfir viðburði er að finna á vefsíðunni www.sky.is undir „Liðnir atburðir“.

Í ár var UTmessan 2014 hin glæsilegasti viðburður og má Ský vera stolt af því að standa að slíkum viðburði. UTmessan 2014 haldin í samstarfi við Háskóla Íslands, Háskólann í Reykjavík, Samtök iðnaðarins og Platinum samstarfsaðila. Tilgangur UTmessunnar er að vekja athygli á mikilvægi upplýsingatækninnar og áhrif hennar á einstaklinga, fyrirtæki og íslenskt samfélag. Markmiðið er að sjá marktæka fjölgun nemenda sem velja sér tæknigreinar sem svið í háskólum landsins. Einnig viljum við tengja upplýsingatæknina betur við skólastarf og atvinnulíf og vekja áhuga almennings á upplýsingatækni og mikilvægi hennar á öllum sviðum daglegs lífs. Viðburðurinn var gífurlega vel sóttur, um 850 mættu á ráðstefnuhluta UTmessunnar og yfir nálægt 9 þúsund manns lögðu leið sína í Hörpu á sýningu opna almennings. Viljum við eigna okkur hlut af því að fjölgun nemenda var í tölvunarfræði hjá báðum háskólunum haustið 2013.

Það er ljóst að UTmessan er eitt af flaggskipum Ský og verður reynt að gera jafnvel og í ár með UTmessuna 2015 sem verður í Hörpu daganna 6. og 7. febrúar með svipuðu sniði og síðustu tvö ár.

UT verðlaun Ský

Frá árinu 2010 hefur Ský veitt árlega Upplýsingatækniverðlaun Ský. Um er að ræða heiðursverðlaun að danskri fyrirmynd fyrir framlag til upplýsingatækni á Íslandi. Reglur verðlaunanna kveða á um að verðlaunað sé framtak sem þegar hafi sannað sig og því er ekki um sprota- eða hugmyndaverðlaun að

ræða. Það var gleðilegt að veita SkemaRakel Sölvadóttir, stofnanda Skema verðlaunin árið 2014 en Ragnheiður Elín Árnadóttir iðnaðar- og viðskiptaráðherra veitti verðlaunin á UTmessunni í Hörpu. Hægt er að nálgast upplýsingar um fyrri verðlaunahafa og rökstuðning valnefndar á www.sky.is.

Tímaritið Tölvumál, ritnefnd, siðanefnd og orðanefnd

Ritnefnd hélt allmarga fundi á liðnu ári og veglegt eintak af Tölvumálum kom í nóvember mánuði og var efni blaðsins í ár „Hagnýting upplýsingatækninnar“. Blaðið var prentað ú 1.500 eintökum sem er aukning frá 1.200 eintökum síðustu ár. Blaðið var sent til félagsmanna Ský og einnig var því dreift á UTmessunni til gesta. Vefútgáfa Tölvumála hefur fest sig í sessi og ljóst að æ fleiri fara inn á www.sky.is og lesa þar greinar. Einnig eru vefsíðurnar Sky.is og UTmessan.is stór hluti af andliti Ský útávið og hefur orðið veruleg aukning á umræðum á Facebook og Twitter síðum Ský og UTmessunnar. Ský heldur einnig úti LinkedIn síðu en ekki eins reglulegar upplýsingar sem fara þangað og á hina samfélagsmiðlanna.

Siðanefnd hefur ekki starfað á vegum Ský síðustu starfsár en vilji er til að koma henni af stað aftur og óskum við eftir félagsmönnum sem áhuga hafa á málefnum að gefa sig fram.

Starf Orðanefndar hefur verið nokkuð blómlegt síðastliðin ár, en á síðasta aðalfundi tilkynnti Sigrún Helgadóttir að núverandi orðanefnd hafi lagt lokið störfum og afhenti Ský til varðveislu 5. útgáfu af Tölvuorðasafninu. Orðanefndin síðustu ár var skipuð þeim Sigrúnu Helgadóttur, Erni S. Kaldalóns og Þorsteini Sæmundssyni. Viljum við þakka þeim kærlega fyrir vel unnin störf á undanförunum árum og lýsa yfir ánægju og stolti með allar þær afurðir sem orðanefnin hefur látið frá sér koma. Þó að orðanefndin hafi verið í dvala þetta árið þá er ekki þar með sagt að starfi lengur orðnefnd hjá Ský. Viljum við því leita til félagsmanna sem áhuga hafa á að halda þessu starfi áfram og óskum eftir sjálfboðaliðum til starfa. Það er mikið verk að vinna og margar hendur vinna létt verk.

Faghópar

Á starfsárinu hefur fjölgað nokkuð skráningum í faghópa og er þar helst að þakka að nú getur fólk hakað við þá faghópa sem það vill starfa í um leið og það skráir sig í félagið. Aðild að þeim er opin öllum félagsmönnum og geta þeir verið í eins mörgum faghópum og þeir vilja.

Starf faghópanna hefur verið nokkuð gott síðasta árið og hefur þeirri venju verið fylgt að hver faghópur sjái um að minnsta kosti einn stærri viðburð á vegum Ský á ári. Stofnaður var nýr faghópur á starfsárinu og er starfssvið hans allt sem tengist menntun, fræðslu og fræðistörfum í UT. Þar mun menntun og fræðsla í víðu samhengi vera vettvangur hópsins og hefur nokkuð mikill fjöldi sýnt stofnun hópsins áhuga. Hópurinn fer vel af stað og bindum við miklar vonir um að þarna nái fagmenn í notkun upplýsingatækni í skólastarfi ásamt starfsmannastjórum og aðrir saman og deili fróðleik. Hópurinn er þátttakandi í verkefni á vegum menntamálaráðuneytisins sem hefur verið að vinna að stefnu stjórnvalda er kemur að menntun og með upplýsingatækni.

Faghópar Ský árið 2014 eru:

- Fókus, faghópur um upplýsingatækni í heilbrigðisþjónustu, félagar 98 en voru 91.
- Öldungadeild, félagar 58 en voru 51.
- Fjarskiptahópur, félagar 97 en voru 85
- Öryggishópur, félagar 100 en voru 85
- Faghópur um rafræna opinber þjónustu, félagar 91 en voru 76
- Faghópur um vefstjórnun, félagar 81 en voru 69.
- Faghópur um hugbúnaðargerð, félagar 82 en voru 62
- Faghópur um rekstur tölvukerfa, félagar 72 en voru 49
- Faghópur um menntun, fræðslu og fræðistörfum í UT, félagar 32 en voru 0

Starf faghópanna er mikilvægur hlekkur í starfsemi félagsins og aldrei að vita nema fleiri faghópar líti dagsins ljós í nánustu framtíð.

Innlent samstarf

Skýrslutæknifélagið er aðili að fagraði Staðlaráðs Íslands í upplýsingatækni, FUT og situr Sigrún Gunnardóttir í stjórn fyrir hönd félagsins. Þá hefur félagið tilnefnt fulltrúa í stjórn Persónuverndar. Félagið er einnig aðili að Icepro.

Erlent samstarf

Skýrslutæknifélag Íslands hefur um margra ára skeið tekið þátt í evrópsku samstarfi upplýsingatæknifélaga á vettvangi CEPIS (Council of European Professional Informatics Societies). Sú samvinna hélt áfram á síðastliðnu ári og erum við þátttakendur í verkefni sem felst í að hvetja konur til að fara í tölvutengt nám, ICT-Women task force. Þar hefur sterklega komið fram að öll evrópulöndin eru að glíma við að reyna að fá ungt fólk til að fara í tæknimiðað nám og sérstaklega ungar konur.

Ský var til margra ára aðili að International Federation of Information Processing (IFIP), alþjóðasamtökum skýrslutæknifélaga, en hefur ekki verið virkur félagi síðustu 2 árin. Nokkrir félagsmenn Ský eru þó fulltrúar Ský í IFIP.

Afkoma félagsins

Eins og fram kemur í ársreikningi félagsins 2014 var afkoman á árinu góð og skilar félagið hagnaði uppá 751.105 kr.en var í fyrra 3,2 milljónum kr. í hagnað. Reksturinn er komin í gott jafnvægi en ljóst er að eftir sem áður er nauðsynlegt er að halda vel á spöðunum og halda uppi öflugu fræðslustarfi á árinu til að halda sama striki.

Lokaorð

Skýrslutæknifélag Íslands er nú 45 ára og á sér bæði langa og farsæla sögu sem þverfaglegt félag þeirra sem vilja hagnýta sér eða hafa áhuga á upplýsingatækni. Félagið heldur ráðstefnur, gefur út blaðið Tölvumál, starfrækir faghópa og rekur skrifstofu með einum starfsmanni. Óhætt er að fullyrða að félagið hefur haft umtalsverð áhrif á framþróun upplýsingatækninnar hér á landi. Starfsemin byggir að miklu leyti á ómældri sjálfböðavinnu stjórnarmanna, ritnefndar, orðanefndar og faghópa. Í félaginu starfar hæft fagfólk úr ýmsum greinum atvinnulífsins sem ekki telur eftir sér að undirbúa atburði félagsins, að ógleymdum fyrirlesurum. Stjórn Ský vill hér með þakka öllum þessum aðilum fyrir þeirra mikilvæga framlag við að efla starfsemi félagsins.

Framkvæmdastjóri félagsins á enn og aftur lof skilið fyrir það mikla starf sem hún hefur innt af hendi á árinu. Hún hefur sýnt mikla hæfileika í verkefnastjórn á stórum sem litlum viðburðum og er þeim kostum gædd að draga fram í dagsljósið allt það besta sem félagsmenn Ský og aðrir í upplýsingatækniheiminum hafa upp á að bjóða. Við teljum að félagið sé vel rekið og mun halda áfram af sama krafti á komandi starfsári.

Á síðasta aðalfundi varð enginn endurnýjun á stjórn Ský en nú ljóst að einhverjar breytingar verða. Hjörtur Grétarsson, meðstjórnandi hefur ákveðið að ekki gefa kost á sér til áframhaldandi setu í stjórn og viljum við þakka honum fyrir vel unnin störf á undanförunum árum. Það verður mikil eftirsjá í Hirti og það er aldrei að vita nema hann bjóði sig aftur fram í stjórn þegar fram líða stundir. Sigrún Gunnarsdóttir hefur verið formaður stjórnar síðastliðinn 4 ár og hefur ákveðið að stíga til hliðar og gefa örðum kost á því að stýra þessu skemmtilega félagi. Við viljum þakka Sigrúnu fyrir samstarfið á undanförunum árum.

Að Hirti undaskyldum þá gefa allir aðrir núverandi stjórnarmenn Ský gefa kost á sér til áframhaldandi stjórnarsetu og er það gleðiefni og sýnir að það að starfa með félaginu er bæði skemmtilegt og gefandi.

F.h. stjórnar Skýrslutæknifélags Íslands,
Sigrún Gunnarsdóttir, formaður.